

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „15. október“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 751

9. október 2001

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128/1994 um mælieiningar.

1. gr.

Grein 3.1 orðist svo:

3.1 Heimilt er að nota „viðbótarmerkingar“ fram til 31. desember 2009, en í skilningi þessarar reglugerðar eru það ein eða fleiri merkingar sem sýna mælieiningar, sem eru taldar upp í viðaukum II, III og IV.

2. gr.

Tafla í lið 1.3 í viðauka I orðist svo:

1.3 Forskeyti og tákn þeirra sem notuð eru til að tákna tiltekin tugveldi.

Tugveldi	Forskeyti	Tákn	Tugveldi	Forskeyti	Tákn
$10^{24}$	yotta	Y	$10^{-1}$	desi	d
$10^{21}$	setta	Z	$10^{-2}$	senti	c
$10^{18}$	exa	E	$10^{-3}$	milli	m
$10^{15}$	peta	P	$10^{-6}$	míkró	μ
$10^{12}$	tera	T	$10^{-9}$	nanó	n
$10^9$	gíga	G	$10^{-12}$	píkó	p
$10^6$	mega	M	$10^{-15}$	femtó	f
$10^3$	kíló	k	$10^{-18}$	attó	a
$10^2$	hektó	h	$10^{-21}$	septó	z
$10^1$	deka	da	$10^{-24}$	yocto	y